

Reykjavík 29. mars 2016

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til umferðarlaga laga. Þskj. 814 — 495. mál.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna ofangreindu frumvarpi og þeirri miklu vinnu sem hefur verið lögð í það. Samtökin fagna sérstaklega að verið er að auka öryggi barna í umferðinni og þannig að tryggja aukna vernd þeirra. Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og íslenskum lögum er einstaklingur barn til 18 ára og því telja samtökin að meginreglan skuli vera sú að miða réttindi til að stýra vélknúnum tækjum og ábyrgð á öðrum einstaklingum við þann aldur.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. 39. gr. Akstur barna á æfingasvæði og í skemmtigörðum.

Gert er ráð fyrir að umferðarstofu sé heimilt að leyfa starfsemi þar sem akstur barna fer fram á þar til gerðum æfingarsvæðum. Vitnað er í reglugerð um akstursíþróttir og aksturskeppni, nr 507/ 2007. Í þeirri reglugerð 19. gr er kveðið á um að Ríkislögreglustjóri setji nánari verklagsreglur um slíka starfsemi, svo sem hvað varðar búnað ökutækja, almennt öryggi og váttryggingar. Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að í lögunum sjálfum og í reglugerð um akstursíþróttir og aksturskeppni verði kveðið á um atriði er varða öryggi barna, s.s. hraða ökutækja og notkun öryggisbúnaðar þ.á m. hjálma. Í núgildandi reglugerð um akstursíþróttir og aksturskeppni, nr 507/ 2007 er ekki kveðið á um slíkt.

2. 40. gr. Undanþága til æfinga og keppni vegna aldurs.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja eðlilegt að í lögunum sé kveðið á um ákveðinn lágmarksaldur, þar sem samtökin telja að ung börn eigi ekki að stjórna slíkum ökutækjum.

3. 42. gr. Börn og reiðhjól.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja að sjö ára barn sé of ungt til að hjóla á akbraut og að 15 ára einstaklingur sé of ungur til að bera ábyrgð á barni sem hjólar á

Barnaheill - Save the Children Iceland - Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - fax. 553 5960 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

akbraut. Fjarlægðarskyn barns er þroskast ekki fyrr en við 10 eða 12 ára aldur og telja samtökin nær að miða við þann aldur a.m.k á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt telja samtökin að miða skuli við 18 ára aldur hvað varðar leyfi til að reiða barn á hjóli.

4. 43. gr. Almennar reglur um akstur bifhjóla.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja til að auk þess að miðað sé við ákveðna lágmarkshæð barna sem mega vera farþegar á bifhjóli, þá þurfi líka að miða við ákveðinn lágmarksaldur.

5. 55.gr. Skilyrði til að mega stjórna ökutæki.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru fylgjandi þeirri breytingu að einstaklingur þurfi að vera orðinn 18 ára til að fá ökuskrteini. Jafnframt leggja samtökin áherslu á að ökunám verði eflt svo og að æfingarasturstímabil lengt.

6. 56. gr. Ökuréttindaflokkar.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja til að ekki sé gerður greinarmunur á ökuréttindaflokki AM og ökuréttindaflokki A1. Samtökin telja eðlilegt að miða báða ökuréttindaflokkana við 18 ára aldur.

7. 59. gr. Stjórnendur dráttarvéla og vinnuvéla.

Í ljósi þess að vinnuvélar og önnur tæki til notkunar við landbúnaðarstörf eru nú mun öflugri en áður var, velta Barnaheill - Save the Children á Íslandi upp þeirri spurningu hvort ekki sé eðlilegt að til þess að fá réttindi til að stýra slíkum tækjum þurfi þjálfun og ökuskrteini. Slík réttindi fáist við 18 ára aldur.

8. 74. gr. Öryggisbeltí og annar öryggis- og verndarbúnaður í bifreiðum.

Í 6. mgr. segir: „Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1.- 4. mgr.” Einstaklingur er barn til 18 ára og leggja Barnaheill - Save the Children á Íslandi því til að ökumaður skuli sjá til þess að farþegi undir 18 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv.1.- 4.mgr.


9. 76. gr. Öryggis- og verndarbúnaður við hjólréiðar o.fl.

Í greininni er kveðið á um að barni yngra en 15 ára sé skylt að nota hlífðarhjálms við hjólréiðar. Í athugasemdum við frumvarpið er fjallað um að heimilt sé að að setja í

reglugerð ákvæði um notkun hlífðarhjálma fyrir þá sem eldri eru. Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja til að í öllum tilfellum sé börnum yngri en 18 ára skylt að nota hlífðarhjálma við hjólreiðar.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla- Save the Children, á Íslandi


Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri